

þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins í dag þóknast að samþykkja, að hið **130** umrædda frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um hin sjerstöku málefni Íslands 10. nóv. hljóti ekki konungsstaðfestingu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um háskóla. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. nóv. f. á. hafið **131** þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er borið hefur verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1893, um stofnun háskóla í Reykjavík. 10. nóv.

Um lagafrumvarp þetta hafið þjer tekið fram, að hið nýja, sem með því sje tilætlað að innleiða, sje í verunni ekki annað en stofnun lagaskóla, eins og var í frumvarpi því um stofnun landsskóla, sem samþykkt var á alþingi 1883, og hafið þjer meðal annars bent á, að launin til kennendanna við lagaskólann sjeu svo af skornum skammti, bæði í samanburði við laun annara lögfræðislegra embættismanna, og við laun kennara, ekki að eins við læknaskólann og prestaskólann, heldur einnig við latinuskólann, að það mundi gjöra ómögulegt að fá viðunanlega kennslukraptu. Ennfremur hafið þjer tekið fram, að þjer sjáið ekki betur, en að sömu ástæður, sem voru þess valdandi, að frumvarpi alþingis 1883 um stofnun landsskóla var synjað staðfestingar, hljóti að leiða til, að þessu frumvarpi verði einnig hafnað.

Þessu er ráðaneytið að öllu leyti samdóma. Með því að lagafrumvarpið, þrátt fyrir fyrirsögnina, væntanlega í viðurkenningu um það, að stofnun vísindalegs háskóla mundi langsamlega vera ofvaxin fjármagni landsins, í raun og veru að eins stefnir að stofnun lagaskóla í líkingu við prestaskólann og læknaskólann í Reykjavík, en ráðaneytið getur ekki fremur nú en fyrr aðhyllt það, að heppilegt sje að slík stofnun sje sett á fót á Íslandi, og það af ástæðum, sem optsinnis hafa verið gjörðar heyrum kunnar, síðast, að því er snertir stofnun lagaskóla út af fyrir sig, í ráðherrabrjefi 24. maí f. á. (Stjt. B. 1893, bls. 65) og að því er snertir stofnun háskóla, er auk lagaskóla fyrst um sinn að eins ætti að yfirgrípa kennslustofnanir þær, sem þegar eru til, í ráðherrabrjefi 31. marz 1884 (Stjt. B. 1884, bls. 99), þá hefur ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpið öðlist ekki allrahesta staðfestingu, og hefur hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að samþykkja þessa tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um breyting á aðalpostleið. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef amtsins, dags. 12. nóv. 30. ágúst þ. á. og þar með fylgjandi útdrátt úr fundargjörð sýslunefndar Austur-Skaptafellssýslu 30.—31. maí þ. á., vil jeg hjer með samþykkja, að postleiðinni gegn um Hofshrepp verði breytt þannig, að í stað vegarins frá Grændýja-